

Alþingi
Erindi nr. P 132/1467
komudagur 24.3.2006

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila

24. mars 2006

Alþingi,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit (556. mál)

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila starfar á grundvelli 7. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Nánari ákvæði um nefndina eru í reglugerð nr. 562/2001. Í 2. gr. reglugerðarinnar, sem fjallar um hlutverk samráðsnefndar, segir: *Samráðsnefndin er vettvangur eftirlitsskyldra aðila til þess að geta komið á framfæri viðhorfum sínum til starfshátta og reksturs Fjármálaeftirlitsins.*

Fyrirgreint frumvarp (556. þingmál) geymir viðrhlutamiklar breytingar á ákvæðum er varða Fjármálaeftirlitið. Samráðsnefndin fékk frumvarpið ekki formlega sent til umsagnar en telur hins vegar vegna efnis þess og umfangs rétt að láta í ljósi viðhorf sín til málsins.

Þar sem þau samtök sem eiga aðild að samráðsnefndinni munu skila sjálfstæðum umsögnum um frumvarpið, sér samráðsnefndin ekki ástæðu til að fara í frumvarpið grein fyrir grein. Hér á eftir fara hins vegar megin athugasemdir samráðsnefndar.

Frumvarpið felur í sér verulega aukningu valdheimilda Fjármálaeftirlitsins. Samráðsnefndin hefur áhyggjur af því að gera eigi svo róttækar breytingar í einu vefangi. Enginn efast um að heimildir eftirlitsins eru miklar þegar í dag og því nauðsynlegt að fyrir liggi greinargóður rökstuðningur fyrir öllum viðbótum þar á. Í þeim efnum setur samráðsnefndin fyrirvara við þau vinnubrögð að ganga í jafn miklar breytingar með vísun til niðurstöðu í tilteknu máli sem eftirlitið hefur verið ósátt við.

Samráðsnefndin er ekki að leggja gegn því að valdheimildir Fjármálaeftirlitsins verði auknar á einhverjum sviðum. Þá er hins vegar samtímis nauðsynlegt að tryggja að réttaröryggissjónarmið séu í heiðri höfð og hagsmunir þeirra aðila sem löggjöfin lítur að séu ekki alfarið fyrir borð bornir. Í þeim efnum hefur samráðsnefndin sérstaklega í huga tvö atriði. Í fyrsta lagi telur nefndin eðlilegt að þeir tímafrestrir sem eftirlitið hefur til að ljúka málum verði afmarkaðir betur en gert er. Þannig verði t.d. settur ákveðinn lokafrestur á möguleika eftirlitsins til að ljúka málum. Í öðru lagi leggst samráðsnefndin gegn því að kærunefndin verði aflögð. Ekki skal dregið úr því sem fram kemur í greinargerð að of mikill fjölgun kærunefnda í stjórnarsýslunni er ekki endilega æskilegur. Þessi nefnd er hins vegar sérstök. Tilvist hennar hefur miklu hlutverki að gegna með tilliti til réttaröryggissjónarmiða á fjármálamarkaði, en oftast er ekki snúast þau mál sem nefndin fær til umfjöllunar um mun meiri hagsmuni en gerist og gengur í almennum dómsmálum. Þannig er brýnt að sérþekking sé til staðar, að skjót úrlausn fái og að trúnaður gagnvart þeim sem að málinu standa sé tryggður.

Guðjón Guðmundsson, SÍSP
Guðjón Rúnarsson, SBV, formaður
Haukur Þór Haraldsson, SBV
Ólafur Gústafsson, Landssamtök lífeyrissjóða
Ragnar Jónasson, minni aðilar
Sigmar Ármannsson, SÍT
Sigurður Valtýsson, SBV